

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
vegna Leikfélags Reykjavíkur
og
Félags íslenskra leikara
um kaup og kjör leikmynda- og búningahöfunda

1.gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags íslenskra leikara um kaup og kjör leikmynda og búningahöfunda og Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur.

2. gr.

Launabreytingar

Launahækkningar samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana.

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

1. janúar 2020:	17.000 kr.
1. apríl 2020:	18.000 kr.
1. janúar 2021:	15.750 kr.
1. janúar 2022:	17.250 kr.

Kauptaxtar

Sjá hjálagðar launatöflur.

Kjaratengdir liðir, þ.m.t. greiðsla fyrir hverja sýningu umfram 8, hækka um 2,5% á sama tíma og launatöflur nema um annað hafi verið samið.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2020 kr. 94.000.
Á árinu 2021 kr. 96.000.
Á árinu 2022 kr. 98.000.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 kr. 51.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 kr. 52.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 kr. 53.000.

Eingreiðsla júní 2020 Í júní 2020 greiðist sérstök 128.000 kr. eingreiðsla til allra þeirra sem voru á launaskrá hjá LR tímabilið 1. júlí 2019 – 1. janúar 2020. Greiðslan er hlutfallsleg m.v. starfshlutfall frá 1.7.2019 til 31.12.2019.

4. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

5. gr.

Gildistími og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Atkvæðagreiðsla um samning þennan skal vera lokið innan 5 daga frá undirritun og tilkynna skal um niðurstöðu hennar um leið og hún liggur fyrir.

Fylgiskjöl

Í fylgiskjöllum eru kauptaxtar á samningstímabilinu, breytingar á einstökum köflum kjarasamningsins og bókanir.

Reykjavík, 22. maí 2020

F.h. Félags íslenskra leikara

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.

Kauptaxtar og sýningarlaun á samningstímanum **Launatafla leikmynda- og búningahöfunda**
1.1.2020

		Einn höfundur	Einn höfundur	Tveir höfundar	Einn höfundur	Tveir höfundar	Sýninga-laun
		Lítill verk	Meðal verk	Meðal verk	Stórt verk	Stórt verk	
Prep	1	2.022.430	2.532.288	2.022.430	3.149.780	2.532.288	7.171
Prep	2	2.076.248	2.639.923	2.076.248	3.311.233	2.639.923	7.502
Prep	3	2.130.065	2.747.558	2.130.065	3.472.685	2.747.558	7.722
Prep	4	2.183.883	2.855.193	2.183.883	3.580.320	2.855.193	7.944
Prep	5	2.237.700	2.962.828	2.237.700	3.687.955	2.962.828	8.385
Prep	6	2.291.518	3.124.280	2.291.518	3.903.225	3.124.280	8.606
Prep	7	2.345.335	3.231.915	2.345.335	4.118.495	3.231.915	8.936
Prep	8	2.399.153	3.339.550	2.399.153	4.226.130	3.339.550	9.267

Launatafla leikmynda- og búningahöfunda 1.4.2020

		Einn höfundur	Einn höfundur	Tveir höfundar	Einn höfundur	Tveir höfundar	Sýninga-laun
		Lítill verk	Meðal verk	Meðal verk	Stórt verk	Stórt verk	
Prep	1	2.142.430	2.688.288	2.142.430	3.341.780	2.688.288	7.350
Prep	2	2.196.248	2.795.923	2.196.248	3.503.233	2.795.923	7.690
Prep	3	2.250.065	2.903.558	2.250.065	3.664.685	2.903.558	7.915
Prep	4	2.303.883	3.011.193	2.303.883	3.772.320	3.011.193	8.142
Prep	5	2.357.700	3.118.828	2.357.700	3.879.955	3.118.828	8.594
Prep	6	2.411.518	3.280.280	2.411.518	4.095.225	3.280.280	8.821
Prep	7	2.465.335	3.387.915	2.465.335	4.310.495	3.387.915	9.159
Prep	8	2.519.153	3.495.550	2.519.153	4.418.130	3.495.550	9.499

Launatafla leikmynda- og búningahöfunda 1.1.2021

		Einn höfundur	Einn höfundur	Tveir höfundar	Einn höfundur	Tveir höfundar	Sýninga-laun
		Lítill verk	Meðal verk	Meðal verk	Stórt verk	Stórt verk	
Prep	1	2.262.430	2.844.288	2.262.430	3.533.780	2.844.288	7.534
Prep	2	2.316.248	2.951.923	2.316.248	3.695.233	2.951.923	7.882
Prep	3	2.370.065	3.059.558	2.370.065	3.856.685	3.059.558	8.113
Prep	4	2.423.883	3.167.193	2.423.883	3.964.320	3.167.193	8.346
Prep	5	2.477.700	3.274.828	2.477.700	4.071.955	3.274.828	8.809
Prep	6	2.531.518	3.436.280	2.531.518	4.287.225	3.436.280	9.042
Prep	7	2.585.335	3.543.915	2.585.335	4.502.495	3.543.915	9.388
Prep	8	2.639.153	3.651.550	2.639.153	4.610.130	3.651.550	9.736

Launatafla leikmynda- og búningahöfunda 1.1.2022

		Einn höfundur	Einn höfundur	Tveir höfundar	Einn höfundur	Tveir höfundar	Sýningalaun
		Lítill verk	Meðal verk	Meðal verk	Stórt verk	Stórt verk	
Prep	1	2.387.430	3.006.788	2.387.430	3.733.780	3.006.788	7.722
Prep	2	2.441.248	3.114.423	2.441.248	3.895.233	3.114.423	8.079
Prep	3	2.495.065	3.222.058	2.495.065	4.056.685	3.222.058	8.316
Prep	4	2.548.883	3.329.693	2.548.883	4.164.320	3.329.693	8.555
Prep	5	2.602.700	3.437.328	2.602.700	4.271.955	3.437.328	9.029
Prep	6	2.656.518	3.598.780	2.656.518	4.487.225	3.598.780	9.268
Prep	7	2.710.335	3.706.415	2.710.335	4.702.495	3.706.415	9.623
Prep	8	2.764.153	3.814.050	2.764.153	4.810.130	3.814.050	9.980

Breytingar á einstaka greinum kjarasamningsins

Grein 2.1.3. fellur út enda eru launatöflur fylgiskjal samningsins.

Grein 2.2 heiti: **Flokkun verkefna og laun**

Töflur í grein 2.2.1 falla út enda eru launatöflur fylgiskjal samningsins

Við grein 2.2.1 bætist eftirfarandi mgr.: Launatöflur eru fylgiskjal samningsins.

Breytt grein 2.2.2 hljóði svo: **Fyrir útfærsluvinnu skal semja sérstaklega.**

Breytt grein 2.3.1. hljóði svo: Dagvinnutímakaup og yfirvinnutímakaup greiðist skv. meðfylgjandi launatöflum.

Ný grein 2.2. hljóði svo og aðrar greinar færast neðar:

2.2. Álag fyrir frumuppfærslu nýrra íslenskra verka

2.2.1 Fyrir frumuppfærslu nýrra íslenskra verka, skal greiða 25% álag á föst laun á meðalverk og stórt verk.

Breytt grein 2.8.1. hljóði svo:

Greitt skal fyrir hverja sýningu umfram 8. Sjá greiðslur fyrir sýningar í meðfylgjandi launatöflum.

Breytt grein 3.1.1 hljóði svo:

Greiða skal 10,17% orlofsfé á öll laun skv. samningi þessum. Eftir 3 ára starf skal greiða 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

Breytt grein 4.1.1 hljóði svo:

Launagreiðandi greiðir 11,5% framlag af heildarlaunum leikmynda-/búningahöfunda skv. samningi þessum í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda eða annan lífeyrissjóð, sem leikmynda-/búningahöfundur á aðild að, á móti 4% iðgjaldi hans.

Ný grein 5.5 um Starfsþróunarsetur háskólamanna bætist við og hljóði svo:

5.5 Starfsþróunarsetur háskólamanna (tekur gildi 1. september 2020)

5.5.1 Heimilt er að semja um að LR greiði 0,7% af heildarlaunum til Starfsþróunarseturs háskólamanna.

Skýring: Þrátt fyrir heimildarákvæði í grein 5.5.1 hefur atvinnurekendi, á almennum markaði, ekki rétt á styrkjum frá Starfsþróunarsetri háskólamanna, eingöngu starfsmaðurinn.

Breytt grein 8.1. hljóði svo:

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2020 til 1. nóvember 2022 með þeim fyrirvörum sem í þessum samningi felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Bókanir

Bókun um útlagðan kostnað

Aðilar munu vinna að fylgiskjali við ráðningarsamning um hvernig greiða eigi fyrir útlagðan kostnað skv. grein 1.2.2.

ELDRI SAMNINGUR

**FÉLAG ÍSLENSKRA LEIKARA
og
LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR ses.
gera með sér svofelldan
K J A R A S A M N I N G
um kaup og kjör
LEIKMYNDA- OG BÚNINGAHÖFUNDA
við Borgarleikhúsið / LR.**

1. RÁÐNING

1.1 Ráðning

- 1.1.1 Leikmynda-/búningahöfundur skal ráðinn með skriflegum ráðningarsamningi. Í ráðningarsamningi skal m.a. koma fram fyrirhugaður skiladagur líkans og vinnuteikninga, æfingatímabil leikverks og frumsýningardagur.
- 1.1.2 Samið skal sérstaklega um launagreiðslur fyrir hvert leikverk með tilliti til þeirrar ábyrgðar og vinnu sem leikmynda-/búningahöfundur tekur að sér. Mat verkefnis annast leikhússtjóri og leikmynda- og búningahöfundur að höfðu samráði við leikstjóra.

- 1.1.3 Heimilt er að fastráða leikmynda- og eða búningahöfund til a.m.k. eins árs í senn. Um launakjör skal taka mið af samningi þessum. Verkefni og vinnuframlag er samkomulag á milli viðkomandi höfundar og leikhússins.
- 1.1.4 Leikmynda-/búningahöfundur skal fá afhent handrit að leikverki því sem hann er ráðinn til eigi síðar en 3 mánuðum fyrir áætlaðan skiladag líkans og teikninga.
- 1.1.5 Leikmynda-/búningahöfundur skal eiga þess kost, að velja sér hæfan aðstoðarmann í viðameiri verkefni í samráði við leikhúsið enda hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi eða önnur rök mæla sérstaklega með því.
- 1.1.6 Heimilt er að gera tímabundinn ráðningarsamning við starfsmann, sem er fastráðinn til annarra starfa, um tiltekið verkefni s.s. gerð leikmynda og/eða búninga. Laun skulu greidd skv. kafla 2 og miðast við 57% þess launaflokks sem álagsgreiðsla ofan á þau laun sem starfsmaður hefur vegna fastráðningar til annarra starfa hjá LR.

1.2 Verksvið, ábyrgð og skyldur leikmynda-/búningahöfundar

- 1.2.1 Verksvið leikmynda-/búningahöfundar er:
- Að vinna ásamt leikstjóra hina mótandi hugmyndavinnu sýningar.
 - Að leggja fram vinnuteikningar, búningateikningar og fullnægjandi líkan. Teikningar í þrívíddaforriti ef því verður viðkomið.
 - Að hafa umsjón og eftirlit með allri útfærsluvinnu við gerð leikmynda, búninga og leikgerva.
 - Að sitja leik-, ljósa- og búningaæfingar eins og þörf krefur svo og fundi sem tengjast verkefninu.
- 1.2.2 LR greiðir útlagðan efniskostnað, svo sem vegna vinnslu líkans, vinnu- og búningateikninga og kostnaðar vegna aksturs enda séu lagðir fram reikningar því til staðfestingar sbr. kílómetragjald eftir akstursbók.

Leikmynda-/búningahöfundi er óheimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga varðandi verkefni sitt án samþykkis framkvæmdastjóra.

1.3 Höfundarréttur og önnur réttindi leikmynda-/búningahöfundar

- 1.3.1 Leikmynda-/búningahöfundur á höfundarrétt á verki sínu skv. almennum reglum um hugverkarétt og hefur LR aðeins rétt til að sýna verk hans á leiksviðum þess og í kynningum svo og í leikferðum á þess vegum enda hafi verið haft fullt samráð við leikmynda-/búningahöfund með hvaða hætti það sé.
- 1.3.2 LR er óheimilt að lána eða leigja út verk leikmynda- og búningahöfundar í heild sinni að sýningum loknum nema með samþykki hans enda skal áður samið um endurgjald til hans.
- 1.3.3 LR ábyrgist að verki leikmynda-/búningahöfundar verði ekki breytt eða því raskað frá því sem var við frumsýningu án samráðs við hann.
- 1.3.4 Líkan og teikningar eru eign leikmynda-/búningahöfundar og skal leikhúsið skila þeim þegar verkefni er tekið af sýningarskrá.

- 1.3.5 Þar sem aðstandenda viðkomandi sýningar er getið í kynningu eða auglýsingum Borgarleikhússins, skal nafn leikmynda-/búningahöfundar koma fram, nema hann samþykki annað.
- 1.3.6 LR skal láta leikmynda-/búningahöfundu í té góðar ljósmyndir af leikmyndum og búningum án endurgjalds. Hann skal auk þess eiga aðgang að myndbandsupptöku af leikmyndum, sé um slíkt að ræða.

1.4 Breytingar og eftirlit

- 1.4.1 Sé um að ræða breytingu á verkefni eða vinnslu verkefnis, svo sem verulega frestun á frumsýningu, þ.e. um 3 vikur eða meira, skal greiða sérstaklega við lokauppgjör fyrir þá aukningu á vinnuframlagi sem slíkt kann að skapa.
- 1.4.2 Taki nýir leikarar við hlutverkum eftir frumsýningu, skal hafa samráð við búningahöfund. Semja skal sérstaklega um greiðslu til hans ef þörf er á að hanna nýja búninga.
- 1.4.3 Fyrir vinnu við breytingar á leikmynd og búningum vegna leikferða, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi, eða flutnings á sýningu milli leiksviða, skal semja sérstaklega við leikmynda-/búningahöfund.
- 1.4.4 Ef verk er tekið aftur til sýningar eftir nokkurt hlé og slíkt kallar á vinnu af hálfu leikmynda-/búningahöfundar, skal semja sérstaklega um greiðslu.
- 1.4.5 Leikmynda-/búningahöfundu ber einnig að fylgjast með sýningum á leikritinu án þess þó að honum sé skylt að vera viðstaddur hverja sýningu.

2. LAUNAGREIÐSLUR

2.1 Laun og launaþrep

- 2.1.1 Laun leikmynda-/búningahöfundar skulu greidd samkvæmt neðangreindri töflu m.v. faglega reynslu:

Launaþrep	Fjöldi uppsetninga
1. þrep	byrjunarlaun
2. þrep	eftir 4 uppsetningar
3. þrep	eftir 7 uppsetningar
4. þrep	eftir 12 uppsetningar
5. þrep	eftir 18 uppsetningar
6. þrep	eftir 24 uppsetningar
7. þrep	eftir 30 uppsetningar
8. þrep	eftir 50 uppsetningar

- 2.1.2 Með faglegri reynslu er átt við tilgreindan fjölda verkefna við atvinnuleikhús, í sjónvarpi eða kvikmyndum. Leikmynda-/búningahöfundur skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni.

2.2 Flokkun verkefna og tímakaup

2.2.1 Flokkun verkefna

Stórt verk Sérstaklega vandasöm sýning fyrir stórt svið, með fjölda þátttakenda og flóknum sviðsútfærslum.

Meðalverk Undir þennan flokk falla allar hefðbundnar sýningar

Lítill verk Allra minstu leikmyndir og þá í stuttum sýningum þar sem umgjörð og búningar eru í lármarki. Fyrirfram skilgreint af leikhúsinu sem lármarks umfang

		Einn höfundur	Einn höfundur	Tveir höfundar	Einn höfundur	Tveir höfundar
		Lítill verk	Meðal verk	Meðal verk	Stór verk	Stór verk
Prep	1	1.800.000	2.250.000	1.800.000	2.800.000	2.250.000
Prep	2	1.850.000	2.350.000	1.850.000	2.950.000	2.350.000
Prep	3	1.900.000	2.450.000	1.900.000	3.100.000	2.450.000
Prep	4	1.950.000	2.550.000	1.950.000	3.200.000	2.550.000
Prep	5	2.000.000	2.650.000	2.000.000	3.300.000	2.650.000
Prep	6	2.050.000	2.800.000	2.050.000	3.500.000	2.800.000
Prep	7	2.100.000	2.900.000	2.100.000	3.700.000	2.900.000
Prep	8	2.150.000	3.000.000	2.150.000	3.800.000	3.000.000

2.2.2 Fyrir útfærsluvinnu greiðist tímakaup í hinu umsamda þrepi.

2.3 Dagvinnutímakaup og yfirvinnukaup

2.3.1 Dagvinnutímakaup og yfirvinnutímakaup greiðist skv. töflu:

		Dagvinnu- kaup	Yfirvinnu- kaup
		pr. klst.	pr. klst.
Prep	1	1.990	3.350
Prep	2	2.060	3.480
Prep	3	2.130	3.600
Prep	4	2.210	3.740
Prep	5	2.290	3.870
Prep	6	2.380	4.020
Prep	7	2.470	4.170
Prep	8	2.560	4.320

2.8 Greiðsla fyrir sýningar

2.8.1 Greitt skal fyrir sýningar fyrir hverja sýningu umfram 8

Prep	1	6.500
------	---	-------

þrep	2	6.800
þrep	3	7.000
þrep	4	7.200
þrep	5	7.600
þrep	6	7.800
þrep	7	8.100
þrep	8	8.400

2.9 Gjalddagi launa

2.9.1 Laun greiðast mánaðarlega eftir á, frá ráðningardegi eða skv. samkomulagi. Grunnviðmið nema um annað sé samið er að skipta verkefnagreiðslu á 4 mánuði

2.10 Veikindi, andlát eða hætt við verkefni

2.10.1 Verði leikmynda-/búningahöfundur veikur eða hann andast eftir að æfingar eru hafnar á hann eða dánarbú hans rétt á að halda þeim launum sem fallin eru í gjalddaga. Veikist leikmynda-/búningahöfundur hins vegar eða hann andast svo nálægt frumsýningu að unnt sé að ljúka æfingum og frumsýna leikritið eftir hugmyndum hans, skal hann eða dánarbú hans eiga rétt á fullum launum.

2.10.2 Verði hætt við verkefni, án þess að leikmynda-/búningahöfundur eigi þar sök á, ber ráðningaraðilum að semja sérstaklega um launagreiðslur.

3. ORLOFSFÉ

3.1 Orlofsfé

3.1.1 Greiða skal orlofsfé á öll laun skv. samningi þessum. Orlofsfé er 10,17% á laun þeirra sem eru yngri en 30 ára, 11,59% á laun þeirra sem eru 30-37 ára og 13,04% á laun þeirra sem eru 38 ára eða eldri.

4. LÍFEYRISSJÓÐUR OG FÉLAGSGJALD

4.1 Lífeyrissjóður

4.1.1 Launagreiðandi greiðir 8% framlag af heildarlaunum leikmynda-/búningahöfundar skv. samningi þessum í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda eða annan lífeyrissjóð, sem leikmynda-/búningahöfundur á aðild að, á móti 4% iðgjaldi hans.

4.1.2 Viðbótarlífeyrissparnaður. Í þeim tilvikum sem leikmynda-/búningahöfundur leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir LR framlag á móti sem nemur 2% gegn a.m.k. 2% framlagi leikmynda-/búningahöfundar.

4.2 Félagsgjald

4.2.1 Launagreiðandi innheimtir félagsgjald af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum og stendur skil á því mánaðarlega til Félags íslenskra leikara.

5. ATVINNUREKENDAGJÖLD

5.1 Sjúkrasjóðsgjald

5.1.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 1% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Styrktar- og sjúkrasjóð BHM.

5.2 Orlofsjóðsgjald

5.2.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,25% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í orlofsjóð BHM.

5.3 Desember- og orlofsuppbót

5.3.1 Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016 kr. 82.000.

Á árinu 2017 kr. 86.000.

Á árinu 2018 kr. 89.000.

Leikmynda- / búningahöfundur sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Persónuuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á uppbótina reiknast ekki orlofsfé. Hafi leikmynda- / búningahöfundur gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig leikmynda- / búningahöfundur sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelld í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda uppbót í desember, miðað við tarfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt leikmynda- / búningahöfundur sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

5.3.2 Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 42.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 kr. 44.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 46.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 48.000.

Hinn 1. júní ár hvert skal leikmynda- / búningahöfundur sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsári. Verkefnaráðinn leikmynda- / búningahöfundur fær greidda hálfu orlofsuppbót fyrir hvert verkefni, þó að hámarki fyrir tvö verkefni á sama orlofsári. Hafi leikmynda- / búningahöfundur látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef leikmynda- / búningahöfundur var frá störfum

vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum samkvæmt öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

5.4 Starfsmenntasjóður

5.4.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,22% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Starfsmenntasjóð BHM.

6. SLYSATRYGGING

6.1 Slysaftrygging

6.1.1 LR ábyrgist að leikmynda-/búningahöfundur sé tryggður vegna slysa sem hann kann að verða fyrir við störf sín á vegum LR, þ.á m. vegna eigin gáleysis á æfingum að undanskildum slysum sem rekja má til neyslu vímugjafa. Um bótafjárhæðir og skilmála fer skv. ákvæðum í samningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands á hverjum tíma.

7. FORGANGSRÉTTUR TIL STARFA

7.1 Forgangsréttur til starfa

7.1.1 Aðilar eru sammála um að stéttarfélagsbundnir leikmynda-/búningahöfundar sitji fyrir verkefnum að öðru jöfnu.

8. GILDISTÍMI

8.1 Gildistími og staðfesting samningsins

8.1.1 Samningur þessi gildir frá 1. júní 2016 til 31. mars 2019 með þeim fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

8.1.2 Á samningstímanum verða eftirfarandi hækkningar á launatölum;

1.06. 2017 Laun hækka um 4,5%.

1.06. 2018 Laun hækka um 3,0%.

Reykjavík
23. maí 2016

F.h. Leikfélags Reykjavíkur ses.
með fyrirvara um samþykki stjórnar LR

F.h. Félags íslenskra leikara
með fyrirvara um samþykki
leikmynda- og búningahöfunda og
trúnaðarmannaráðs FÍL

Bókun 1

Þar sem samningurinn byggir á nýrri nálgun þ.e. flokkun verkefna í stað fjölda mánaðarlauna þá er hér áréttunga vegna flokksins „Lítill verkefni“ en þar eru verkefni í sama flokki og t.d. „Kenneth Máni“ og verkefnið „Skálmöld“

Bókun 2

Samningurinn gildir frá og með 1. Júní 2016 en þeir höfundar sem eru ráðnir í verkefni næsta leikárs og hafa þegar gert samninga munu taka laun sín skv þessum samningi

F.h. Leikfélags Reykjavíkur ses.

F.h. Félags íslenskra leikara

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Birna Hafstein

Eggert Benedikt Guðmundsson

Ilmur M. Stefánsdóttir

Berglind Ólafsdóttir

Helga I. Stefánsdóttir